NÁMSGREIN: STÆRÐFRÆÐI
KENNSLUYFIRLIT - 4. BEKKUR

Kennsluhættir: Fimm kennslustundir á viku. Kennslan byggist m.a. einstaklingsvinnu, paravinnu og hópavinnu.

Skapandi stærðfræði er fléttað inn í námið, t.d. með því að nota borðspil, teningaspil, stærðfræðisögur,vasareikniverkefni,útikennslu og fl.

Einnig er lögð áhersla á að nemendur læri að nota stærðfræðigögn sem dæmi má nefna:hundraðtalnatöflu,talnalínur, kennslupeninga,reglustiku,málband, klukku,form,einingakubba,sentikubba og brotaspjöld, vasareikni og verkefni í Ipad.

Námsþættir: Hnitakerfið, tölur stærri en 1000 og minni en 0, samlagning og frádráttur, tími, klukka,margföldun og deiling 1, samhverfa og mynstur. Ummál og flatarmál, margföldun og deiling, mælingar og tugabrot, almenn brot, reikningur og tölfræði.

Námsmat: Kaflapróf og hæfniviðmið eftir hvern kafla metin. Heimanám og virkni í tímum einnig metin.

Námsgögn: Sproti 4a og 4b- nemendabók, Sproti 4a og 4b – æfingahefti (notað sem heimavinna). Stærðfræðispæjarar 3, Vasareiknir 3, Allir vinna og Ipad verkefni sem fylgja Sprota (Multi nettoppgaver).

Ítarefni: Við stefnum á margföldun, Við stefnum á deilingu, Húrra hefti við hæfi og ljósritað efni.

Tímabil	Námsþættir	Leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat	Námsorðaforði
Lota 1.	Hnitakerfið Tölur stærri en 1000 Tölur minni en 0	Innlögn,einstaklingsvinna, paravinna,hópvinna, skapandi stærðfræði og vinna í Ipad.	Nota rúðunet með höfuðáttum í rauntengdu samheng, teiknar og staðsetur punkta í hnitakerfi. Telur flokkar og skráir, les og túlkar niðurstöður og setur upp í einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja. Notar tugakerfisrithátt og sýnir skilning á sætakerfi við ritun náttúrulegra talna.	Leiðsagnamat og kaflapróf	Rúðunet Höfuðáttir Hnitakerfi Myndrit Tugakerfisháttur Sætakerfi
Lota 2.	Samlagning og frádráttur Tími Klukka Margföldun og deiling Samhverfa og mynstur	Paravinna,hópvinna, skapandi stærðfræði og vinna í Ipad. Innlögn,einstaklingsvinna.	Getur nýtt sér grunnreikniaðgerðirnar fjórar og reiknað með nátturulegum tölum. Nýta sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsenum. Les og notar mismunandi framsetningu á tíma, notar skífuklukku og stafræna klukku og les tímatöflur.	Leiðsagnamat og kaflapróf	Samlagning Frádráttur Margföldun Deiling Skífuklukka Stafræn klukka Tímatafla Náttúrulegar tölur Speigla Hliðra

			Þróar hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með náttúrulegum tölum. Speglar og hliðrar flatamyndum við rannsóknir á mynstrum. Getur kannað og búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs.		
Lota 3.	Ummál og flatarmál Margföldun og deiling Mælingar og tugabrot Almenn brot	Innlögn, einstaklingsvinna, paravinna,hópvinna, skapandi stærðfræði og vinna í Ipad.	Áætlar og mælir ummál og flatamál með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum. Rannsakar og gerir tilraunir og teikningar á einfaldan hátt með því að nota rúmfræðiforrit Getur nýtt sér grunnaðgerðirnar fjórar og reiknað með náttúrulegum tölum. Vinnur með einföld brot og hlutföll með flatalíkani, á talnalínu og á brotastrik. Velur viðeigandi mælieiningar fyrir lengd, massa og rúmmál og þekkir tengsl á milli algengra mælieininga metrakerfisins. Raðar náttúrulegum tölum og einföldum brotum eftir stærð.	Leiðsagnarmat og kaflapróf	Mynstur Ummál Flatamál Brot Lengd Massi Rúmmál
Lota 4.	Reikningur Tölfræði Ýmsir námsþættir	Innlögn,einstaklingsvinna, paravinna,hópvinna, skapandi stærðfræði og vinna í Ipad. Samvinna og samræður um stærðfræði, vinna í ipat	Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á skilningi við að reikna samlagningardæmi, frádráttardæmi og marföldunardæmi. Nýtir aðferðir og leiðir til að leysa þrautir og getur rökstutt svör sín. Vinnur, einstaklingslega og í samvinnu að lausnum á stærðfræðilegu viðfangsefni með því að kanna, rannsaka og setja fram tilgátu.	Leiðsagnamat og kaflapróf	